11. september 2024

# 3ja ára áætlanir

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# GAMLA KERFIÐ

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2022–2024

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisaðili | | | | Ráðuneyti | | | |
| Ábyrgðaraðili | *Forstöðumaður* | | | | | | |
| | | | | | | | |
| A | Kjarnastarfsemi | | | | | | |
| | *Stutt umfjöllun um starfssvið aðila og undir hvaða málaflokk starfsemin fellur. Skipting útgjalda eftir meginviðfangsefnum, ef við á.* | | | | | | |
| | Markmið, mælikvarðar og aðgerðir | | | | | | |
| Nr. | Markmið | HM | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2020 | Viðmið 2022 | Viðmið 2024 |
| A1 | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| Tengist markmiði málaflokks | | | | | | | |
| *Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)* | | | | | | | |
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | | Upphaf | Endir |
| A1.1 | | | | | | | |
| A1.2 | | | | | | | |

# GAMLA KERFIÐ

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2022–2024

| B | Rekstrarþættir | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Stutt umfjöllun sem m.a. tekur til helstu áherslna og áætlaðrar þróunar í innri starfsemi aðila s.s. stjórnskipulags, fjármála, mannauðsmála, jafnréttismál, umhverfismála og upplýsingatækni. Einnig skal fjalla um mat á gæðum í starfsemi og þjónustu, starfshætti og stöðugar umbætur.* | | | | | |
| | Markmið, mælikvarðar og aðgerðir | | | | | |
| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2020 | Viðmið 2022 | Viðmið 2024 |
| B1 | Dæmi: Aukin skilvirkni | Dæmi: Fjöldi þjónustuferla aðgengilegir í gegnum Ísland.is | | | | |
| | | Dæmi: Hlutfall af rafrænt undirrituðum skjölum | | | | |
| | | Dæmi: Ánægja notenda | | | | |
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | Upphaf | Endir |
| B1.1 | | | | | | |
| B1.2 | | | | | | |
| B1.3 | | | | | | |

# Um 3ja ára áætlanir

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið.

# Samráð síðasta vetur

## 3ja ára áætlanir

Hugarflugsfundur

Til umræðu á fundi var:
Sniðmát innihald
Sniðmát form
Notkun gagnanna
Birting gagnanna
Áætlanakerfið kostir/gallar



# NÝJA KERFIÐ

IBM Planning Analytics | 3ja ára áætlun stofnana | Íris Huld Christersdóttir

100% | Fields

Leiðbeiningar | 0 Starfsemi | 1 Markmið | 2 Mælikvarðar | 3 Aðgerðir | 4 Gögn og viðmið mælikvarða | 5 Staða og þróun mælikvarða | 6 Einn mælikvarði | 7 Eitt markmið | 8 Niðurstöður kannana | 9 Skila áætlun

## Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Almennt um 3ja ára áætlun

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuðu áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna. Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vef Stjórnarráðsins.

### A: Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.
Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

### B: Rekstrarþættir (almennur rekstur)

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru

### A: Markmið (að hámarki 5)

Hér eru skilgreind að hámarki fimm markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (outcome) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (input) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

### B: Markmið (að hámarki 5)

Ríkisaðilar geta sleppt þessum þætti og horft til miðlægra markmiða í C hluta. Kjósi ríkisaðili að nýta B hlutann er það til viðbótar við samræmd markmið og mælikvarða.

Sé áhugi fyrir því að hafa fleiri markmið eru þau skilgreind hér, að hámarki 5 markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila og bættrar þjónustu, umbóta á sviði mannauðs- og jafnréttismála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

### C: Samræmd markmið

Hér birtast samræmd markmið og mælikvarðar fyrir alla ríkisaðila. Markmiðin snúa að betri opinberri þjónustu, öflugum mannauði og sjálfbærni í rekstri. Mælikvarðarnir byggjast á miðlægum upplýsingum sem koma sjálfkrafa inn í Akra.

Ríkisaðilar geta ekki breytt þessum þætti en þurfa að setja sér viðmið um hvert er stefnt. Hugsunin með þessari viðbót er að auðvelda stofnunum að skila inn áætluninni svo ekki sé þörf að fylla inn gögn sem

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu viðeigandi málaflokks í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Hægt er að sækja rauntölur úr miðlægum könnunum eftir því sem við á. Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Skilgreina þarf vikmörk, tegund frávika og eðli frávika. Tilteknar sjálfgefnar stillingar eru í kerfinu sem hægt er að breyta. Ef ekkert er aðhafst haldast sjálfgefnar stillingar óbreyttar.

Vikmörk: Er skilgreining á hversu langt frá settu viðmiði er ásættanlegt að vera. Ef viðmið er t.d að bæta einkunn fyrir þjónustu úr 3,7 í 4,0 þarf að skilgreina hver ásættanleg vikmörk eru frá því viðmiði.

Tegund frávika: Getur annað hvort verið sem hlutfall af viðmiði eða frávik frá viðmiði (tala). Segjum sem svo að markmiðið sé að bæta einkunn fyrir þjónustu úr 3,7 í 4,0 er tegund fráviks tala og því er skráð „frávik frá viðmiði“. Sé markmiðið að fækka um X% í ákveðnum málaflokki væri tegund fráviks hlutfall af viðmiði.

Eðli frávika: Hér skal ákveða hvort lækkun, hækkun eða nálægt viðmiði er jákvæð breyting. Segjum sem svo að markmiðið sé að fækka umferðarslysum þá væri eðli fráviks „lægra er jákvætt“.

### Aðgerðir/verkefni (m.v. hámark 10 verkefni)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið. Verkefni skulu hafa skýrt upphaf og endi og er hér ekki átt við sífelluverkefni. Hægt þarf að vera að leggja mat á framgang verkefnis. Stofnun þarf að setja inn stöðu verkefna yfir tíma áætlunarinnar að lágmarki árlega.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

# Hvað er nýtt?

1. Úr Word í Akra.
2. C hluti bætist við: Miðlæg rekstrar markmið og mælikvarðar.
3. B hlutinn verður því valkvæður.
4. Hægt að velja allt að 5 markmið.
5. Hægt að setja fleiri aðgerðir.
6. Innsýn inn í miðlægar kannanir.
7. Staða aðgerða stöðluð.

Bætt yfirsýn ráðuneyta á sínum stofnunum og auðvelda árangursstjórnun.

Auðvelda stofnunum utanumhald og gera árangur sýnilegri.

# Hvaða verklag breytist?

Skilgreina þarf vikmörk, tegund frávika og eðli frávika.

Tilteknar sjálfgefnar stillingar eru í kerfinu sem hægt er að breyta. Ef ekkert er aðhafst haldast sjálfgefnar stillingar óbreyttar.

**Vikmörk**; Er skilgreining á hversu langt frá settu viðmiði er ásættanlegt að vera. Ef viðmið er t.d að bæta einkunn fyrir þjónustu úr 3,7 í 4,0 þarf að skilgreina hver ásættanleg vikmörk eru frá því viðmiði.

**Tegund frávika**: Getur annað hvort verið sem hlutfall af viðmiði eða frávik frá viðmiði (tala). Segjum sem svo að markmiðið sé að bæta einkunn fyrir þjónustu úr 3,7 í 4,0 er tegund fráviks tala og því er skráð „frávik frá viðmiði“.

Sé markmiðið að fækka um X% í ákveðnum málaflokki væri tegund fráviks hlutfall af viðmiði.

**Eðli frávika**: Hér skal ákveða hvort lækkun, hækkun eða nálægt viðmiði er jákvæð breyting. Segjum sem svo að markmiðið sé að fækka umferðarslysum þá væri eðli fráviks „lægra er jákvætt“.

| Markmið | Mælikvarði | Viðmið | Tegund frávika | Vikmörk | Eðli frávika |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Að bæta þjónustu sýslumanns-embættanna | Einkunn í þjónustukönnun | 3,7 | Frávik frá viðmiði | 0,1 | Yfir er jákvætt. |
| Að bæta þjónustu sýslumanns-embættanna | Einkunn í traustkönnun | 89% | Hlutfall af viðmiði | 0,1 | Yfir er jákvætt. |
| Að jafna aðgengi að opinberri þjónustu. | Meðaldagafjöldi í afgreiðslu erinda | 47 | Frávik frá viðmiði | 3 | Lægra er jákvætt |

# Miðlæg markmið og mælikvarðar

## Hér er allt sjálfkrafa nema stofnun setur sér viðmið

| Markmið/mælikvarðar | Gögn | Tegund frávika | Vikmörk | Eðli frávika frá viðmiði | Viðmið |
|---|---|---|---|---|---|
| Bætt þjónusta | | | | | |
| Ánægja viðskiptavina | Samsett gildi úr 4 spurningum úr þjónustukönnun ríkisins | Frávik frá viðmiði | 0,2 | Yfir er jákvætt. | Ekki miðlægt |
| Stafræn skref | x/9 skrefum úr gögnum frá Stafrænu Íslandi | Frávik frá viðmiði | 1 | Yfir er jákvætt. | Ekki miðlægt |
| Öflugur mannauður | | | | | |
| Starfsánægja | Heildareinkunn úr Stofnun ársins | Frávik frá viðmiði | 0,2 | Yfir er jákvætt. | Ekki miðlægt |
| Stafræn færni | Hæfni starfsfólks úr Stafrænni hæfnikönnun | Frávik frá viðmiði | 0,2 | Yfir er jákvætt. | Ekki miðlægt |
| Jafnrétti | Spurning um jafnrétti úr Stofnun ársins | Frávik frá viðmiði | 0,2 | Yfir er jákvætt. | Ekki miðlægt |
| Sjálfbær rekstur | | | | | |
| Rekstur innan áætlunar | Orri | Hlutfall af viðmiði | 4% | Sama er jákvætt | Miðlægt |

# Hverjir eru notendur kerfisins?

Þau sem hafa heimildir inni í Akra geta fengið heimild til að nota 3ja ára áætlanakerfið.

Ráðuneytin þurfa að skoða listann sem þau fengu sendan og staðfesta notendur.

Ekki verður hægt að bæta mörgum við svo verkefnið þarf að vera samvinnuverkefni við þau sem hafa nú þegar aðgang.